



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
b.t. Björns Inga Edvardssonar
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. janúar 2021
Tilvísun: 2021010044/10.3

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um deiliskipulag Nesvíkur, Kjalarne

Vísað er til tölvubréfs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 16. desember 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um deiliskipulag Nesvíkur, Kjalarne. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

Að mati HER þarf að gera grein fyrir því hvaða fráveitulausn verður fyrir vali á svæðinu. Fram þarf að koma hvar hreinsivirkri eða rotþró verði staðsett og hvernig frárennsli frá þeim verði háttáð. Benda má á að eigi að leiða hreinsað fráveituvatn til sjávar um útrás þá er viðtakinn á þessum stað þegar undir álagi frá skólpútrás hverfisins og útrás hreinisvirkis frá svínabúi á Brimnesi. Meta þyrti hvaða áhrif aukin losun hefði í viðtakann. Mikilvægt er að tryggt sé að unnt sé að koma fyrir fullnægjandi lausn á fráveitumálum á svæðinu áður en deiliskipulag er samþykkt.

HER vill einnig benda á að fyrirhuguð baðlaug getur ekki flokkast sem náttúrulaug en skv. skilgreiningu í 3.gr. í reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni en hún er svohljóðandi: "Laug ásamt bakka hennar, mynduð af náttúrunnar hendi þar sem böð eru stunduð og vatn er ekki meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt. Þó framkvæmdir á náttúrulaug hafi verið gerðar til þess að styrkja stoðir hennar, til dæmis með lítils háttar hleðslu, steypuverki, eða laugin lagfærð með hleðslu á steinum til að stífla eða stýra rennsli á baðvatni og steyptir botnar og hliðar, telst laugin vera náttúrulaug. Slík baðlaug myndi flokkast sem afpreyingarlaug, sem er skilgreind á eftirfarandi hátt í 3. gr. rlg.: ": Laug sem er frá grunni hlaðin og/eða steypt úr föstu efni, þ.e. botn og hliðar, og kalt vatn, affallsvatn frá hitaveitu eða jarðhitavatn er leitt í laugina úr nálægum hver eða afrennsli frá virkjun þó að undangenginni kælingu. Heilnæmi vatnsins er stjórnað með tíðri endurnýjun vatnsins og aðgangsstýringu, svo sem takmörkun á fjölda gesta í laug". Afpreyingarlaugar falla í 1. eða 2. flokk skv. 4. gr. rlg. og eru því starfsleyfisskyldar. Athuga þarf að í starfsleyfi slíkrar laugar yrðu ákvæði um reglubundnar gerlamælingar, öryggiskröfur og kröfur um hollustuhætti skv. fyrrgreindri reglugerð.

Virðingarfallst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

